# Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar - 30. september 2014

Fjarskipti hf.    Skútuvogi 2    104 Reykjavík    Kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Fjárhagslegar lykiltölur | 4 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar - 30. september 2014 er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 9.829 millj. kr. (9.746 millj. kr. 1.1-30.9.2013). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 821 millj. kr. (645 millj. kr. 1.1-30.9.2013). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.748 millj. kr. (15.363 millj. kr. 31.12.2013). Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2014 nam 8.344 millj. kr. (7.584 millj. kr. 31.12.2013). Eiginfjárhlutfallið 30. september 2014 var 53% (49,4% 31.12.2013). Þar af nam hlutafé 3.398 millj. kr. (3.408 millj. kr. 31.12.2013).

Á öðrum ársfjórðungi 2014 lét Ómar Svavarsson forstjóri af störfum hjá félaginu og var Stefán Sigurðsson ráðinn til starfa sem nýr forstjóri Fjarskipta hf. Heildarkostnaður við forstjóraskiptin nam 53 millj. kr. og var kostnaðurinn gjaldfærður að fullu á öðrum ársfjórðungi.

Í ágúst var tilkynnt um endurkaupaáætlun á eigin bréfum félagsins. Endurkaupin munu nema að hámarki 9.400.000 hlutum eða sem nemur 2,8% af útgefnum hlutum í félaginu, en þó ekki meira en 300 millj. kr. að kaupverði. Áætlunin verður í gildi til 28. febrúar 2015.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2014 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2014.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. nóvember 2014

**Í stjórn:**
Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson

**Forstjóri:**
Stefán Sigurðsson

# Fjárhagslegar lykiltölur

| | 2014<br>3F | 2013<br>3F | 2014<br>9M | 2013<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsupplýsingar** | | | | |
| Heildartekjur tímabilsins | 3.362 | 3.423 | 9.829 | 9.746 |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | 694 | 633 | 1.348 | 1.186 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 593 | 516 | 1.021 | 804 |
| Hagnaður tímabilsins | 476 | 415 | 821 | 645 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,14 | 0,12 | 0,23 | 0,19 |
| Hagnaður á hlut | 1,40 | 1,20 | 2,30 | 1,90 |
| Fjárfestingar tímabilsins | 415 | 296 | 1.275 | 789 |
| Handbært fé frá rekstri | 847 | 772 | 1.651 | 1.496 |
| **Frammistöðumat** | | | | |
| EBITDA tímabilsins | 1.023 | 990 | 2.330 | 2.261 |
| EBITDA hlutfall tímabilsins | 30,4% | 28,9% | 23,7% | 23,2% |
| Frjálst fjárflæði (FCF) tímabilsins | 536 | 595 | 667 | 1.165 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 4.976 | 5.465 | 4.976 | 5.465 |
| Net debt/EBITDA | 1,6 * | 1,9 * | 1,6 * | 1,9 * |

* EBITDA síðastliðinna 12 mánaða



Allar fjárhæðir eru í milljónum kr.

# Rekstrarreikningur

## 1. janúar - 30. september 2014

| | 2014 3F | 2013 3F | 2014 9M | 2013 9M |
|---|---|---|---|---|
| **Seldar vörur og þjónusta** | **3.362** | **3.423** | **9.829** | **9.746** |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | ( 1.611) | ( 1.790) | ( 5.106) | ( 5.385) |
| **Framlegð** | **1.751** | **1.633** | **4.724** | **4.361** |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.057) | ( 1.000) | ( 3.376) | ( 3.175) |
| **Rekstrarhagnaður** | **694** | **633** | **1.348** | **1.186** |
| Fjármunatekjur | 11 | 17 | 33 | 45 |
| Fjármagnsgjöld | ( 112) | ( 134) | ( 360) | ( 427) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 101) | ( 117) | ( 327) | ( 382) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **593** | **516** | **1.021** | **804** |
| Tekjuskattur | ( 117) | ( 101) | ( 200) | ( 158) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **476** | **415** | **821** | **645** |
| **Hagnaður á hverja krónu hlutafjár** | **0,14** | **0,12** | **0,23** | **0,19** |
| **Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár** | **0,14** | **0,12** | **0,23** | **0,19** |
| **Hagnaður á hlut** | **1,40** | **1,20** | **2,30** | **1,90** |
| **Þynntur hagnaður á hlut** | **1,40** | **1,20** | **2,30** | **1,90** |

# Yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar - 30. september 2014

| | 2014 3F | 2013 3F | 2014 9M | 2013 9M |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 476 | 415 | 821 | 645 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | ( 6) | 13 | ( 28) | ( 22) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **470** | **428** | **793** | **623** |

# Efnahagsreikningur

## 30. september 2014

| | 30.9.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.376 | 4.138 |
| Óefnislegar eignir | 7.123 | 7.095 |
| Skatteign | 539 | 700 |
| **Fastafjármunir samtals** | **12.038** | **11.933** |
| **Veltufjármunir** | | |
| Birgðir | 305 | 250 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.935 | 2.845 |
| Handbært fé | 470 | 335 |
| **Veltufjármunir samtals** | **3.710** | **3.430** |
| **Eignir samtals** | **15.748** | **15.363** |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 3.398 | 3.408 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 3.060 | 3.083 |
| Þýðingarmunur | 218 | 246 |
| Óráðstafað eigið fé | 1.668 | 847 |
| **Eigið fé** | **8.344** | **7.584** |
| **Langtímaskuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 4.985 | 5.135 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 36 | 17 |
| **Langtímaskuldir samtals** | **5.021** | **5.152** |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 461 | 519 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 1.827 | 1.995 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 71 | 107 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 24 | 6 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **2.383** | **2.627** |
| **Skuldir samtals** | **7.404** | **7.779** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **15.748** | **15.363** |



Allar fjárhæðir eru í milljónum kr.

# Eiginfjáryfirlit

## 1. janúar - 30. september 2014

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.- 30.9. 2013** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2013 | 3.408 | 3.083 | 291 | - | 6.782 |
| Heildarafkoma tímabilsins | - | - | ( 22) | 645 | 623 |
| **Eigið fé 30.9.2013** | **3.408** | **3.083** | **269** | **645** | **7.405** |
| | | | | | |
| **1.1. - 30.9. 2014** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2014 | 3.408 | 3.083 | 246 | 847 | 7.584 |
| Keyptir eigin hlutir | ( 10) | ( 23) | - | - | ( 33) |
| Heildarafkoma tímabilsins | - | - | ( 28) | 821 | 793 |
| **Eigið fé 30.9.2014** | **3.398** | **3.060** | **218** | **1.668** | **8.344** |



Allar fjárhæðir eru í milljónum kr.

# Sjóðstreymisyfirlit

## 1. janúar - 30. september 2014

| | 2014<br>3F | 2013<br>3F | 2014<br>9M | 2013<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi** | **476** | **415** | **821** | **645** |
| **Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi** | | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 271 | 286 | 793 | 863 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 58 | 71 | 189 | 212 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 101 | 117 | 327 | 382 |
| Söluhagnaður eigna | 0 | 0 | ( 3) | 0 |
| Tekjuskattur | 99 | 101 | 181 | 158 |
| **Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | **1.005** | **990** | **2.308** | **2.260** |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | | |
| Birgðir, breyting | ( 27) | ( 33) | ( 55) | 24 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | 53 | 11 | ( 90) | ( 93) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | ( 44) | ( 86) | ( 188) | ( 199) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting | ( 36) | 9 | ( 37) | ( 38) |
| **Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | **951** | **891** | **1.938** | **1.954** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 10 | 14 | 27 | 38 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 114) | ( 133) | ( 314) | ( 496) |
| **Handbært fé frá rekstri** | **847** | **772** | **1.651** | **1.496** |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 0 | 0 | 4 | 0 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 337) | ( 241) | ( 1.018) | ( 608) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 78) | ( 55) | ( 257) | ( 181) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **( 415)** | **( 296)** | **( 1.271)** | **( 789)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Kaup á eigin hlutum | ( 33) | 0 | ( 33) | 0 |
| Afborganir langtímalána | ( 115) | ( 125) | ( 438) | ( 400) |
| Skammtímalán, breyting | ( 89) | 1 | 232 | 1 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **( 237)** | **( 124)** | **( 239)** | **( 399)** |
| **Breyting á handbæru fé** | 195 | 352 | 141 | 308 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | ( 2) | 17 | ( 6) | ( 18) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 277 | 931 | 335 | 1.010 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | **470** | **1.300** | **470** | **1.300** |

# Skýringar

## 1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2013. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 5. nóvember 2014.

### b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2013.

### c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

# Skýringar, frh.:

**Starfsþáttayfirlit**

**Rekstrarstarfsþættir**

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í fimm starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

**Farsími** samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningar í farsímakerfinu, áskriftartekjur af einstaklingum og fyrirtækjum, seldar frelsis-inneignir, reikitekjur af ferðamönnum og samtengitekjur í farsíma.

**Fastlína** samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma og fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

**Internet** samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónusta og aðrar gagnatengingar.

**Sjónvarp** samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjur af myndlyklum og tekjur af leigu einstakra kvikmynda og þátta (VOD).

**Aðrar tekjur** samanstanda af vörusölu og heildsöluþjónustu vegna útlandasambanda og innlendra fjarskiptafyrirtækja, leigu af endabúnaði ofl.

| Rekstrarstarfsþættir | Farsími | Internet | Fastlína | Sjónvarp | Aðrar tekjur | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. - 30.09.2014** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 3.685 | 2.161 | 1.173 | 1.250 | 1.560 | - | 9.829 |
| Innri tekjur | 1 | - | 34 | - | 75 | ( 110) | 0 |
| **Tekjur samtals** | **3.686** | **2.161** | **1.207** | **1.250** | **1.635** | **( 110)** | **9.829** |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld | ( 7.500) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | 2.330 |
| Afskriftir | ( 982) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 327) |
| Tekjuskattur | ( 200) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **821** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | ( 28) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **793** |
| | |
| **Óskiptar eignir 30.9.2014** | **15.748** |
| **Óskiptar skuldir 30.9.2014** | **7.404** |
| **Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2014 - 30.9.2014** | **1.275** |

# Skýringar, frh.:

## Starfsþáttayfirlit, frh.:

| Rekstrarstarfsþættir | Farsími | Internet | Fastlína | Sjónvarp | Aðrar tekjur | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. - 30.9.2013** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 4.007 | 2.144 | 1.270 | 1.023 | 1.302 | - | 9.746 |
| Innri tekjur | 7 | - | 47 | - | 50 | ( 104 ) | 0 |
| **Tekjur samtals** | **4.014** | **2.144** | **1.317** | **1.023** | **1.352** | **( 104 )** | **9.746** |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld | ( 7.485) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | 2.261 |
| Afskriftir | ( 1.075) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 382) |
| Tekjuskattur | ( 158) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **645** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | ( 22) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **623** |

| | |
|---|---|
| **Óskiptar eignir 31.12.2013** | **15.363** |
| **Óskiptar skuldir 31.12.2013** | **7.779** |
| **Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2013 - 30.9.2013** | **789** |

## Landsvæðisskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

| 1.1.-30.9.2014 | Ísland | Færeyjar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu | 8.446 | 1.383 | 9.829 |
| EBITDA á tímabilinu | 2.010 | 320 | 2.330 |
| Eignir starfsþátta í lok tímabilsins | 14.422 | 1.326 | 15.748 |
| Fjárfestingar tímabilsins | 1.175 | 100 | 1.275 |

| 1.1.-30.9.2013 | | | |
|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu | 8.287 | 1.459 | 9.746 |
| EBITDA á tímabilinu | 2.008 | 253 | 2.261 |
| Eignir starfsþátta 31.12.2013 | 14.094 | 1.269 | 15.363 |
| Fjárfestingar tímabilsins | 739 | 50 | 789 |